

Minnisblað

Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins

Berist til: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Frá: Velferðarsviði Reykjavíkur

Dags: 7. september 2021

Í minnisblaði þessu er tekið saman hvernig sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins gæti litið út ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ákveða að sameinast um starfsemi umdæmisráðs á grundvelli breyttra barnaverndarlaga. Þá er snert á helstu kostum og göllum slíks fyrirkomulags og áætlað umfang og kostnaður við rekstur sameiginlegs umdæmisráðs.

Samkvæmt nýrri 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 mun umdæmisráð vera sjálfstætt í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn taka þannig ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mál. Í 13. gr. er jafnframt skilgreint nákvæmlega hvaða ákvarðanir umdæmisráð tekur með úrskurði. Valdsvið umdæmisráðsins er þannig skýrt og afmarkað og lýtur að þeim málum þar sem úrskurða þarf í barnaverndarmáli um beitingu úrræða án samþykkis foreldra, vistun utan heimilis, forsjárviptingu og umgengni í fóstri og vistun.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er að umdæmisráðið verði faglega öflugt og lögð er áhersla á aðskilnað barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs barnaverndar. Með sameiginlegu umdæmisráði barnavernda á höfuðborgarsvæðinu mætti ná þessu mikilvæga markmiði og um leið ákveðinni hagræðingu.

Starf og umfang

Í umdæmisráði sitja lögum samkvæmt þrjú ráðsmenn. Formaður er lögfræðingur, auk hans skulu vera í ráðinu sálfræðingur og félagsráðgjafi. Til að tryggja samræmi við gerð og uppkvaðningu úrskurða þyrfti ráðið að fara með mál frá því það berst til ráðsins, skrifa og kveða upp úrskurði og upplýsa aðila um niðurstöðu ráðsins.

Ef gert yrði ráð fyrir fundum aðra hvora viku og umfang starfsins yrði um 3-5 úrskurðir á hverjum fundi, má gróflega áætla að formaður í fullu starfi, auk eins lögfræðings ætti að ráða við slíkt umfang¹. Þá má gera ráð fyrir að aðrir ráðsmenn séu í hlutastarfi, sem felst fyrst og fremst í setu og þátttöku á fundum, yfirlestri úrskurða og undirbúningi með formanni. Umfang þeirra starfa yrði svipað og nefndarmanna í barnaverndarnefnd í dag. Þá mun þurfa eitthvað utanumhald um skrifstofu, skjalamál, samskipti, undirbúning funda og frágang sem gæti verið í höndum skrifstofumanneskju í 50-80% starfi.

Gróf kostnaðaráætlun fyrir umdæmisráð af þessari stærðargráðu er eftirfarandi:

	Kostnaður pr mánuð	Árlegur kostnaður
Laun formanns	1.800.000	21.600.000
Laun lögfræðings	1.300.000	15.600.000
Laun starfsmanns	600.000	7.200.000

¹ Að meðaltali hafa fundir barnaverndarnefndar Reykjavíkur verið 27 á ári og um 2,5 úrskurður kveðinn upp á hverjum fundi. Með tölulegum upplýsingum frá öðrum nefndum á höfuðborgarsvæðinu má áætla þetta með nákvæmari hætti.

Laun annarra ráðsmanna	800.000	9.600.000
Leiga	250.000	3.000.000
Rekstrarkostnaður	300.000	3.600.000
	5.050.000	60.600.000

Ríflega áætlaður árlegur kostnaður yrði um 61 milljónir á ári. Ef hann skiptist milli allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins í hlutfalli við fjölda íbúa í janúar 2021 yrði skiptingin eftirfarandi:

Sveitarfélag	Hlutfall	Kostnaður
Reykjavík	56,3%	34.343.000
Kópavogsbær	16,2%	9.882.000
Seltjarnarnesbær	2%	1.220.000
Garðabær	7,5%	4.575.000
Hafnafjarðarkaupstaður	12,5%	7.625.000
Mosfellsbær	5,3%	3.233.000
Kjósarhreppur	0,1%	61.000

Gera má ráð fyrir að í flestum tilvikum sé þetta eitthvað meiri kostnaður en er nú af starfi barnaverndarnefnda. Hins vegar verður að horfa til þess, að við þessa skipan mundi falla niður hjá barnaverndum allt það starf sem nú fer þar fram og tengist umsýslu barnaverndarnefndar; svo sem ýmis vinna við undirbúning funda nefndarinnar, dagskrárgerð, ritun fundargerða, frágangur bókana, ritun úrskurða o.sfrv.

Helstu kostir og gallar

Með sameiginlegu umdæmisráði höfuðborgarsvæðisins væri hægt að tryggja samræmi í vinnslu mála og uppkvaðningu úrskurða í barnaverndarmálum á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt væri vel tryggt með því markmið laganna um aðskilnað og sjálfstæði umdæmisráðs og barnaverndarþjónustu. Markmið þessa er auðvitað að fagleg vinnsla barnaverndarmála sé hafin yfir vafa, skjólstæðingum og barnaverndarþjónustunni allri til hagsbóta.

Sameiginlegu umdæmisráði munu líka fylgja áskoranir eins og meiri fjarlægð frá starfsemi viðkomandi barnavernda og þar af leiðandi lengri boðleiðir og hugsanlega lengri viðbragðstími. Með því að greina vel kosti og galla sameiginlegs umdæmisráðs og útfæra ítarlega í samstarfssamningi ætti þó að vera hægt að tryggja að slíkt verði ekki til trafala.